

## Tillaga um aukaársþing SSNV.

26. ársþing SSNV samþykkir að fela stjórn að kalla saman aukaársþing að loknum sveitarstjórnarkosningum þar sem rædd verði stefna og hlutverk samtakanna til næstu ára. Að aukaársþingi loknu taki stjórn, ásamt framkvæmdastjóra og ráðgjafa, skilaboð þeirrar umræðu og móti úr þeim tillögur að stefnu og starfsemi samtakanna til næstu fjögurra ára. Tillögurnar verði lagðar fyrir haustþing samtakanna 2018 til endanlegrar umræðu og ákvörðunar.

### **Greinargerð:**

*Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hélt fund í Stykkishólmi 8. og 9. mars 2018 þar sem umfjöllunarefnið var hlutverk, verkefni og áherslur í starfsemi SSNV.*

*Forsagan er sú að stjórnin taldi mikilvægt að staldra við og ræða um hlutverk samtakanna, verkefni og áherslur í starfi þeirra, í viðara samhengi en alla jafna gefst. Ætlunin var að umræðan myndi gagnast stjórn til að meta frekar og stýra vinnu sinni. Auk þess vildi stjórn geta nýtt afraksturinn sem umræðugrunn fyrir komandi þing samtakanna þar sem leitað verður eftir afstöðu þingfulltrúa til hlutverks, verkefna og áherslna í starfi samtakanna.*

*Var ákveðið að halda sérstakan fund stjórnar þar sem farið yrði yfir þessi mál. Fundinn sátu stjórnar- og varastjórnarmennirnir Stefán Vagn Stefánsson formaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir varaformaður, Adolf H. Berndsen og Gunnsteinn Björnsson, auk Björns Líndal Traustasonar framkvæmdastjóra SSNV.*

*Björg Ágústsdóttir ráðgjafi hjá Alta aðstoðaði við undirbúning, stýrði umræðum og tók saman efniviðinn að umræðum loknum.*